

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar og ofanflóðvarnargarða, Urðir-Mýrar, á Patreksfirði.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 10. júní 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar og ofanflóðvarnargarða, Urðir-Mýrar, á Patreksfirði. Breytingin fjallar um skilgreiningu nýrrar íbúðalóðar við Bjarkargötu 9 fyrir 6 íbúða hús. Tillagan var grenndarkynnt frá 10. apríl 2026 til 8. maí 2026.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 11. júní 2026.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 25. júní 2026